



**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 135/2127**  
**komudagur 10.4.2008**

Bolungarvík, 9. apríl 2008.

Nefndasvið Alþingis,  
Kirkjutorgi,  
101 Reykjavík.

Netfang: nefndasvid@althingi.is

Efn: Umsögn um þingmál nr. 27-28 á 135. löggjafarþingi.

Í ofangreindu þingmáli er gert ráð fyrir að bætt verði við umferðarlög nr. 50/1987 með síðari breytingum hugtakinu forgangsakreina og að þar verði einungis heimiluð umferð strætisvagna og leigubifreiða. Þá er gert ráð fyrir breytingu á 13. gr. laganna sem af þessu leiddi.

Tekið skal undir það sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að æskilegt er að efla almenningsamgöngur. Verður og að telja nauðsyn að sporna við hömlulausum „einkabíllisma,” sem líklega er meiri héraðs en í nokkru öðru landi og draga úr því að ökumenn ferðist einir í bílum sínum, sem mjög er tíðkað. Vissulega væri frumvarpið ef að lögum yrði skref í rétta átt og er því mælt með því að hugmyndin um forgangsakbraut fái framgang. Margt bendir hins vegar til þess að æskilegt væri að heimila öllum fólksflutningabifreiðum og fólksbifreiðum sem eru með farþega að nýta slíkar forgangsakreinar, en binda það ekki einungis við strætisvagna og leigubifreiðar. Kostir við það fyrirkomulag væru m.a. að mun betri nýting yrði á því rými sem forgangsakreinar taka og telja verður að það stuðlaði að því að vegfarendur samnýttu ökutæki sín meira en tíðkað er.

Í skýrslu, sem Bjarni Reinharðsson, landfræðingur, vann og nefnist „Ferðavenjur 2007” og byggist m.a. á úrvinnslu spurninga í skoðanakönnunum kemur eftirfarandi fram þar sem spurt var: „Værir þú tilbúinn að skiptast á að aka til vinnu með nágranna eða vinnufélaga? Um 70% allra svarenda svöruðu spurningunni játandi. Um 65% svarenda á höfuðborgarsvæði, 70% í landsbyggðakjörnum og 77% svarenda í jaðarbyggð höfuðborgarsvæðisins. Konur eru heldur jákvæðari en karlar og yngsti aldurshópurinn mun jákvæðari en þeir eldri. Ekki er verulegur munur milli borgarluta á höfuðborgarsvæðinu, helst að úthverfa-búar í Reykjavík séu síður tilbúnir í slíkan akstur en aðrir. ...”

Sums staðar erlendis þekktist það að ekki einungis strætisvögnum og leigubifreiðum er heimilað að aka á forgangsakreinum heldur öllum fólksbílum þar sem fleiri en einungis ökumaður eru á ferð, m.a. sums staðar í Bandaríkjunum.

Rétt þykir að taka fram að af hálfu Leiðar ehf. er unnið að gerð vefs þar sem skrá má laust far með ökutæki eða ósk um far og einnig er unnið að því að slík skráning geti farið fram um síma. Telja verður að ef þessi ferðamáti nær að skjóta rótum, en nokkuð hefur verið kallað eftir honum en enginn enn sinnt því kalli héraðs svo vitað sé, geti það orðið til að draga eitthvað úr notkun bíla og fjölga valkostum þeirra sem af einhverjum ástæðum kjósa að aka ekki sjálfir á bíl. Forgangsakreinar eins og þær sem lýst er mundu án efa stuðla að aukinni notkun þessa úrræðis. (Sjá www.fartheqi.is).

Virðingarfyllt,  
f.h. Leiðar ehf.

Jónas Guðmundsson,  
formaður stjórnar